



Reglur um stuðningsfjölskyldur

I. kafli Almenn atriði

1. gr.

Lagagrundvöllur og markmið

Velferðarsvið Akureyrarbæjar skal hafa tiltækar stuðningsfjölskyldur. Reglur þessar eru settar með vísan til 15. gr. laga nr. 38/2018 um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir, 85. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2022 auk laga nr. 40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaga.

Markmið þjónustunnar er að léttu álagi á fjölskyldur barna og gefa börnunum möguleika á aukinni félagslegri þátttöku, auk þess sem um er að ræða úrræði innan barnaverndarþjónustu og félagsþjónustu. Markmiðið er jafnframt að veita barnafjölskyldum stuðning og skal hann vera í samræmi við það sem er barni fyrir bestu.

2. gr.

Hverjir eiga kost á þjónustu

Þjónustan stendur til boða fyrir fjölskyldur fatlaðra barna sem eiga lögheimili í sveitarfélaginu eða innan þess þjónustusvæðis sem ber ábyrgð á skipulagi og framkvæmd þjónustunnar. Þá stendur þjónustan einnig til boða fyrir ófötluð börn sem úrræði innan barnaverndarþjónustunnar. Jafnframt getur félagsþjónustan boðið þjónustuna fyrir fjölskyldur sem eiga í félagslegum erfiðleikum og eru metnar í þörf fyrir aukinn stuðning, svo sem vegna félagslegra erfiðleika eða fjölskylduaðstæðna.

Heimilt er að framlengja samninga 18 ára og eldri um stuðningsfjölskyldu á grundvelli mats á þörf meðan leitað er að annarri viðeigandi þjónustu.

Að öllu jöfnu er ekki gert ráð fyrir því að barn geti á sama tíma verið með stuðningsfjölskyldu og fengið þjónustu skammtímadvalar.

3. gr.

Inntak þjónustunnar

Stuðningsfjölskylda er aðili sem fenginn er á vegum velferðarsviðs Akureyrarbæjar. Stuðningsfjölskyldum er fyrst og fremst ætlað að taka á móti barni, eða í sumum tilvikum barni og foreldrum, í því skyni m.a. að tryggja öryggi barnsins, léttu álagi af barni og fjölskyldu þess og eftir atvikum leiðbeina foreldrum og styðja þá í uppeldishlutverkinu.

Þörf barns fyrir stuðningsfjölskyldu er alltaf metin í samráði við foreldra þess. Leitast skal við að veita barninu þjónustu inni á heimili þess eftir því sem kostur er. Við matið er horft til aldurs barns, eðlis og umfangs fötlunar, mats á stuðningsþörf sem og annarrar þjónustu sem veitt er og félagslegra aðstæðna. Taka ber tillit til óska foreldra við val á stuðningsfjölskyldu eins og unnt er.

Þjónusta stuðningsfjölskyldu miðast við sólarhringsþjónustu og getur þjónustan mest verið 6 sólarhringar í mánuði. Einnig getur hún verið hluta úr degi að hámarki 20 klst. í mánuði eða Helgardvöl, eina helgi í mánuði.

Ekki er heimilt að fela stuðningsfjölskyldu umsjón fleiri en tveggja barna í senn nema um systkini sé að ræða.

4. gr.

Skipulag þjónustunnar

Velferðarsvið Akureyrarbæjar sér um framkvæmd þjónustunnar á þjónustusvæði um málefni fatlaðs fólks í Eyjafirði á grundvelli samnings milli sveitarfélaganna Akureyrarbæjar, Eyjafjarðarsveitar, Grýtubakkahrepps, Hörgársveitar og Svalbarðsstrandarhrepps.

Þegar um barnaverndarmál er að ræða þá nær þjónustusvæðið til Akureyrarbæjar, Dalvíkurbyggðar, Eyjafjarðarsveitar, Grýtubakkahrepps, Hörgársveitar og Svalbarðsstrandarhrepps á grundvelli samnings milli sveitarfélaganna um barnaverndarþjónustu Eyjafjarðar. Teymisfundur barnaverndarþjónustu Eyjafjarðar, undir stjórn forstöðumanns barnaverndarþjónustunnar, tekur ákvarðanir um framkvæmd þjónustunnar.

Allir íbúar á samningssvæði um málefni fatlaðra og barnaverndarþjónustu Eyjafjarðar eiga jafnan rétt til þjónustunnar að uppfylltum öðrum viðmiðum skv. reglum þessum.

II. kafli

Stuðningsfjölskyldur

5. gr.

Val á stuðningsfjölskyldu

Velferðarsvið Akureyrarbæjar ber ábyrgð á skipulagi og framkvæmd þessarar þjónustu á grundvelli 1. mgr. 5. gr. laga nr. 38/2018. Í ábyrgðinni felst meðal annars að val á stuðningsfjölskyldu sé í samræmi við skýrar faglegar kröfur og að stuðningsfjölskylda uppfylli hverju sinni þau skilyrði sem ákvörðun byggist á. Sé þjónusta stuðningsfjölskyldu sótt milli sveitarfélaga eða þjónustusvæða skal samstarf vera milli þeirra um athugun. Félagsþjónusta lögheimilisveitarfélags barnsins er eftir sem áður ábyrgðaraðili við framkvæmd þjónustunnar.

Stuðningsfjölskyldur þurfa að hafa tilskilið leyfi frá Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála, sbr. 7. gr. reglna þessara.

Val á stuðningsfjölskyldu getur verið með tvennum hætti. Annars vegar að leyfi sé veitt stuðningsfjölskyldu á grundvelli umsóknar þar að lútandi og hins vegar að tekin sé ákvörðun hverju sinni um að ganga til samninga við tiltekna fjölskyldu um að veita þessa þjónustu.

6. gr.

Hlutverk og ábyrgð stuðningsfjölskyldu

Hlutverk stuðningsfjölskyldu er að taka barn í umsjá sína í skamman tíma, í þeim tilgangi að létta álagi af fjölskyldu þess og auka kosti barnsins á félagslegri þátttöku. Slíkri umsjá fylgir ekki krafa um sérstaka þjálfun eða hæfingu umfram þá daglegu þjálfun sem felst í almennum kröfum sem lúta að uppeldi barna. Stuðningsfjölskylda er ekki til þess falin að leysa margþættan eða umfangsmikinn vanda ein og sér en er mikilvægur þáttur í því að styrka foreldra og barn.

Stuðningsfjölskylda ber ábyrgð á velferð barns meðan á dvöl hjá henni stendur og skal hlúa að því í hvívetna. Það á jafnt við í tilfinningalegu, heilsufarslegu og félagslegu tilliti.

Stuðningsfjölskylda skrifar undir þagnarheit varðandi þær upplýsingar sem hún fær um einkahagi viðkomandi fjölskyldu. Einnig skulu forráðamenn barns undirgangast þagnareið varðandi hagi stuðningsfjölskyldu. Þagnarskyldan helst eftir að dvöl lýkur og þó samningur renni út.

7. gr.

Leyfi til að gerast stuðningsforeldri

Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála veitir leyfi til stuðningsfjölskyldna að fenginni umsögn starfsmanna velferðarsviðs. Sótt er um leyfi til að gerast stuðningsforeldri beint til stofnunarinnar gegnum innri vef hennar.

Alla jafna skulu amma og afi barns ekki gerast formlegir stuðningsforeldrar fyrir barnabarn sitt, nema í sérstökum undantekningartilvikum þegar það þjónar hagsmunum barnsins best að mati matsteymis velferðarsviðs Akureyrarbæjar.

8. gr.

Greiðslur til stuðningsfjölskyldna

Stuðningsfjölskyldur gera verksamning við Akureyrarbæ. Samningsfjárhæð tekur almennt til þeirrar þjónustu sem stuðningsfjölskylda veitir hverju sinni. Samningsfjárhæðin skal taka mið af því hversu mikil þjónusta er veitt (í sólarhringum eða klukkustundum), umönnunarþörf, félagslegri stöðu barnsins og fjölskyldu og stigskiptingu eftir umfangi fötlunar, eftir atvikum.

Greiðslur til stuðningsforeldra fatlaðra barna taka mið af umönnunarflokki barnsins samkvæmt Tryggingastofnun ríkisins.

Greiðslur til stuðningsforeldra fyrir dvöl hluta úr sólahring miðast við hálf og heilt sólahringsgjald. Fyrir dvöl sem varir í um 7 til 10 klst. einn dag í mánuði greiðist hálfur sólahringur. Ef dvölin er tvisvar í mánuði þá er greitt fyrir einn sólahring og þannig koll af kolli.

Sé þjónusta stuðningsfjölskyldna veitt fyrir tilstilli barnaverndarþjónustu þá fá stuðningsfjölskyldur alla jafna greitt skv. umönnunarflokki nr. 2 hjá Tryggingastofnun ríkisins og þegar þjónusta er veitt fyrir tilstilli félagsþjónustu þá fá stuðningsfjölskyldur alla jafna greitt samkvæmt umönnunarflokki nr. 3.

Tiltaka skal í samningum við stuðningsfjölskyldur að þeim sé óheimilt að taka við greiðslum eða gjöfum frá þeim sem njóta þjónustunnar.

9. gr.

Gagnkvæm upplýsingamiðlun

Velferðarsvið Akureyrarbæjar skal, í samvinnu við foreldra barns, veita stuðningsfjölskyldu viðeigandi upplýsingar um allt það sem er mikilvægt fyrir velferð barnsins, þar á meðal heilsufar þess, ofnæmi/óþol, lyfjainntöku og aðrar sérþarfir.

Stuðningsfjölskylda ber ábyrgð á því að upplýsa velferðarsvið Akureyrarbæjar og forráðamenn barnsins um allt það sem upp kemur meðan á dvöl stendur og gæti haft áhrif á líðan barnsins. Stuðningsfjölskylda skal veita munnlegar eða skriflegar upplýsingar um dvöl barns óski starfsmenn velferðarsviðs eða foreldrar barns eftir því.

Gagnkvæmri upplýsingamiðlun er ætlað að tryggja að framkvæmd sé skilvirk og í þágu þeirra markmiða sem úrræðinu er ætlað að þjóna.

III. kafli

Umsóknir

10. gr.

Ferli umsókna um stuðningsfjölskyldu

Þeir sem óska eftir stuðningsfjölskyldu skulu sækja um ráðgjöf og stuðning í gegnum þjónustugátt á heimasíðu Akureyrarbæjar. Einnig er hægt að sækja um á velferðarsviði Akureyrarbæjar á þar til gerðum eyðublöðum. Umsækjandi er þá boðaður í ráðgjafaviðtal. Sé mál þegar til vinnslu hjá velferðarsviði Akureyrarbæjar geta starfsmenn þar haft milligöngu varðandi stuðning.

Ef ráðgjafaviðtal leiðir í ljós að þörf sé á þjónustu stuðningsfjölskyldu þá aðstoðar ráðgjafi við að setja inn umsókn um stuðning. Telji ráðgjafi ekki þörf á stuðningi í formi stuðningsfjölskyldu þá er viðkomandi samt sem áður heimilt að sækja um stuðningsfjölskyldu og ber ráðgjafa að aðstoða við það.

11. gr.

Afgreiðsla umsókna

Allar umsóknir um stuðningsfjölskyldur vegna fatlaðra barna og fjölskyldna sem eiga í félagslegum erfiðleikum eru afgreiddar á teymisfundum í barna- og fjölskylduþjónustu velferðarsviðs Akureyrarbæjar. Lagt er mat á umsóknir, magn þjónustunnar ákveðið, ásamt tímalengd samnings og greiðslum til stuðningsfjölskyldna. Við endurnýjun samnings skal fara fram endurmat um áframhaldandi þörf.

Allar umsóknir um stuðningsfjölskyldur fyrir börn í þjónustu barnaverndar eru afgreiddar á teymisfundum barnaverndarþjónustu.

12. gr.

Kynning á ákvörðun

Umsækjendur fá skriflegt svar um afgreiðslu umsóknar innan fjögurra vikna frá því að umsókn um stuðningsfjölskyldu berst. Ef umsókn er sett á biðlista er umsækjendum tilkynnt það bréflaga. Í synjunarbréfi skal bent á rétt til þess að óska eftir rökstuðningi fyrir synjun og upplýsingar um málskotsrétt. Ef fyrirséð er að þjónusta sem sótt var um geti ekki hafist innan þriggja mánaða frá samþykkt umsóknar skal leiðbeina umsækjanda um þau úrræði sem hann hefur á biðtíma og aðra þjónustu sem er í boði. Þá skal veita honum aðra viðeigandi þjónustu meðan beðið er eftir að þjónustan sem samþykkt hefur verið hefjist.

13. gr.

Samningur við stuðningsfjölskyldu

Um dvöl barns hjá stuðningsfjölskyldu skal alltaf gerður sérstakur samningur óháð því hvort val fjölskyldu fer fram á grundvelli umsóknar eða ákvörðunar hverju sinni. Samningur er einnig gerður ef stuðningsfjölskylda er fengin fyrir einstakling 18 ára og eldri eða ef úrræðið er notað sem stuðningur við fatlaða foreldra.

Miðað er við að þjónusta hefjist þegar barn er komið á heimili stuðningsfjölskyldu eða stuðningsfjölskyldan á heimili barnsins ef því er að skipta. Ferðir barns við upphaf og lok dvalar teljast ekki til þjónustu stuðningsfjölskyldu nema sérstaklega sé um það samið. Forráðamenn barnsins bera ábyrgð á ferðum þess til og frá stuðningsfjölskyldu nema um annað sé samið sérstaklega.

Samningstímabil tengist úttekt á framkvæmd þjónustunnar sem skal eiga sér stað eigi sjaldnar en á tólf mánaða fresti. Í samningi skulu vera gagnkvæm uppsagnarákvæði með þriggja mánaða fyrirvara. Þjónustan er veitt á grundvelli leyfis frá Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála og tiltaka skal í samningi að hann falli úr gildi um leið og leyfið. Með sama hætti skal tekið fram að samningi megi rifta ef forsendur ákvörðunar eða leyfis bresta.

Í samningnum kemur fram fjöldi sólarhringa í mánuði, almennar upplýsingar um samningsaðila, verkefni stuðningsfjölskyldunnar og greiðslufyrirkomulag.

14. gr.

Framkvæmd þjónustunnar

Við upphaf þjónustu er haldinn fundur með öllum aðilum og gerð grein fyrir hlutverki hvers og eins. Gerður er þríhliða tímabundinn samningur milli stuðningsfjölskyldu, foreldra/forsjáraðila og velferðarsviðs Akureyrarbæjar.

Fari foreldrar barns með sameiginlega forsjá þess skulu báðir foreldrar vera upplýstir um hvernig þjónustunni skuli háttað og þess skal freistað að ná sátt um fyrirkomulagið.

IV. kafli

Málsmeðferð

Um málsmeðferð gilda ákvæði stjórnisýslulaga, nr. 37/1993 og ákvæði XVI. og XVII. kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991.

15. gr.

Málsmeðferðarreglur

Málsmeðferðarreglur velferðarsviðs Akureyrarbæjar er að finna í V. kafla reglna Akureyrarbæjar um stuðning við börn og fjölskyldur þeirra. En þar koma m.a. fram kæruleiðir vilji umsækjandi ekki una ákvörðun velferðarsviðs Akureyrarbæjar samkvæmt reglum þessum.

16. gr.

Gildistaka

Reglur þessar voru samþykktar í velferðarráði þann 11. september 2023 og í bæjarstjórn þann 21. nóvember. Reglur þessar öðlast gildi 1. desember 2023. Jafnframt falla þá úr gildi reglur um stuðningsfjölskyldur fyrir fötluð börn og fjölskyldur þeirra frá 1. febrúar 2011.